

## Tímatafla Tróju

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
<b>Félagsmálafræði</b> 13:10 Lundarskóli 13:20 Brekkuskóli 13:40 Naustaskóli 🗝️ Lokað				<b>Klúbbaval</b> 👤 Anna og Óli 🏠 Rósenborg 🕒 13:20 🗝️ Lokað
<b>Bandý klúbbur</b> 👤 Anna og Katrín 🏠 Oddeyrarskóli 🕒 15:00-16:00 🗝️ Lokað	<b>* 7. b. klúbbur</b> 👤 Fanney og Angantýr 🏠 Rósenborg 🕒 14:30 – 16:00 🗝️ Lokað		<b>Búi miðstig</b> 👤 Fanney og Angantýr 🏠 Rósenborg 🕒 14:30 – 16:00 🗝️ Lokað	
<b>5. og 6. b klúbbur</b> 👤 Fanney og Óli 🏠 Rósenborg 🕒 15:00-16:00 🗝️ Lokað	<b>Tóti</b> 👤 Ingó og Björgvin 🏠 Rósenborg 🕒 16:15 – 18:00 🗝️ Lokað	<b>MiðHús</b> 👤 Tinna og Angantýr 🏠 Rósenborg 🕒 17:00 – 18:30 🗝️ Opið	<b>Búi</b> 👤 Fanney og Angantýr 🏠 Rósenborg 🕒 16:00 – 17:30 🗝️ Lokað	
<b>7.b Opið</b> 👤 Fanney og Tinna 🏠 Rósenborg 🕒 17:00 – 19:00 🗝️ Opið				
<b>Opið hús</b> 👤 Óli og Tinna 🏠 Rósenborg 🕒 20:00 – 22:00 🗝️ Opið	<b>Opið hús</b> 👤 Villa og Angantýr 🏠 Naustaskóli 🕒 19:30 – 21:30 🗝️ Opið	<b>Klúbbakvöld</b> 👤 Tinna og rúllandi 🏠 Rósenborg 🕒 20:00 – 22:00 🗝️ Opið	<b>Opið hús</b> 👤 Anna og Angantýr 🏠 Rósenborg 🕒 20:00 – 22:00 🗝️ Opið	

MiðHús er opið hús fyrir 5. 6. og 7. Bekk

Annað starf þar sem bekkir eru ekki tilgreindir er fyrir 8. – 10. bekk

\* 7. bekkjar klúbbur er kynjaskiptur, 6 skipti hvor klúbbur fyrir áramót og 7 skipti eftir áramót

🗝️ Lokað = skráning hjá námsráðgjafa í upphafi annar

🗝️ Opið = opið starf

## Upplýsingar um starfsmenn

Vilborg Hjörný Ívarsdóttir er með þrjár háskólagráður, þrjú börn og er í Crossfit. Villa sá um miðstigið í fyrra en hefur tekið við af Konna í Naustaskóla og ætlar að þjónusta unglunga um ókomna tíð. Villa sér líka til þess að foreldrar barna á hverju námsstigi fyrir sig séu vel upplýstir. Það er alveg bannað að gefa Villu sykur en almennt er hún mjög umhyggjusöm, ákveðin, hress og fyndin.

Netfang: [vilborgi@akureyri.is](mailto:vilborgi@akureyri.is)

Anna Guðlaug Gísladóttir hefur stundum verið nefnd mamma Tróju. Anna mætti grimmt í sína eigin félagsmiðstöð og varð starfsmaður félagsmiðstöðva fyrir meira en tug ára síðan. Hún hefur gaman af bandý, er sjúklega góð í borðtennis og hefur setið námskeið um kynlíf og samskipti. Anna kann eitthvað í sálfræði og veit ýmislegt um áhættuhegðun ungmenna og forvarnir, hún var nefnilega líka í skóla.

Netfang: [annagudlaug@akureyri.is](mailto:annagudlaug@akureyri.is)

Guðmundur Ólafur Gunnarsson eða Óli Gunn er heimsflakkari og velunnari. Hann er skógarhöggmaður, kennari, umhverfis- og orkufræðingur en fyrst og fremst topp maður. Hann hugsar vel um sína en hann er t.a.m. stofnandi góðvina-samtakanna Vinir Kambódíu. Óli er alltaf hress, alltaf, enda passar hann ljómandi vel inn í hóp unglunga og er oft talinn vera einn af þeim. Óli Gunn og fótbolti eru góðir vinir en drengurinn er fimur með knöttinn.

Netfang: [oligunn@akureyri.is](mailto:oligunn@akureyri.is)

Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir er söngdívá mikil. Hún kemur ný inn og ætlar að setja fókusinn á miðstigið, leiða þau í leiki og hvers kyns gaman. Fanney er jákvæð, brosmild og með heljarinnar rödd sem er stundum gott í hópi barna.

Netfang: [fanneykr@akureyri.is](mailto:fanneykr@akureyri.is)

Tinna Dögg Magnúsdóttir flutti heim í fyrra eftir 8 ára dvöl í Danmörku. Tinna er félagsráðgjafi, lærir grafíska hönnun í myndlistaskólanum og er sjúklega góð í dönsku. Tinna er svo fjölbær að hún er sett í öll verkefni; miðstig, unglingsstig og klúbbar.

Angantýr Ómar Ásgeirsson eða Aggi er splunkunýr úr kassanum. Hann hefur áhuga á fiskum og öðrum skepnum hafsins enda leggur hann nám við sjávarútvegsfræði. Aggi er ákveðinn, með húmor og sinnir sínu með ljóma. Hann eins og Tinna, tekur að sér ýmis verkefni.

**Síminn á skrifstofunni er 4601239**